



Jökularannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 77

Júní 2000

SUMARFERÐ

Jökularannsóknafélag Íslands stendur fyrir helgarferð á Hekluslóðir helgina 1. og 2. júlí 2000. Farið verður af stað kl. 9 á laugarmorgni 1. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar. Þátttaka tilkynnist Finni Pálssyni í síma 525-4936 eða 551-5385, Þórdísi Högnadóttur í síma 525-5862 eða Halldóri Gíslasyni yngra í síma 898-0389 eða 566-7077 við fyrsta tækifæri.

SUMARFERÐ JÖRFÍ 2000

Árleg sumarferð Jökklarannsóknafélags Íslands verður í þetta sinn á Hekluslóðir. Leiðsögumaður verður Árni Hjartarson jarðfræðingur, og mun hann fræða okkur um jarðlög og sögu Heklusvæðisins. Reynt verður að fara víða um, m.a. þess freistað að komast að nýjum hraunum. Ef veður verður gott á sunnudeginum verður hópnum skipt. Þeir sem treysta sér til að ganga á Heklu leggja á brattann, en önnur dag-skrá verður fyrir hina á meðan.

Enn er ekki búið að festa náttstað, en líklegt er að hægt verði að gista hvort sem heldur er í skála eða tjaldi. Þeir sem það vilja hafa tjald með sér. Séð verður fyrir stóru grilli, en hver og einn verður að taka með eitthvað til að setja á það.

Farið verður frá bílastæði við bækistöð Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar í Borgartúni 34 kl. 9:00 og komið til baka á sunnudagskvöld.

Þáttökugjald (mest rútukostnaður) er 4000 kr. fyrir fullorðna, 2000 kr. fyrir 6-15 ára en ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Þáttaka tilkynnist til:

Finns í síma 551-5385 eða 525-4936, Dísu í 525-5862, Dóra í 898-0389 eða 566-7077

Nefndin

HREINSUNARFERÐ Í ESJUFJÖLL

Eins og félagsmönnum er kunnugt, fauk skáli félagsins í Esjufjöllum í mars á síðasta ári. Fyrirhugað er að smíða nýtt hús og flytja upp eftir næsta vetur. En brakið úr gamla húsinu liggur enn dreift neðan skálastæðisins og fyrir liggur að það þarf að taka það saman og brenna. Því er fyrirhuguð gönguferð í Esjufjöll seinni partinn í júlí eða í ágúst til að vinna þetta verk. Dagsetning ferðar hefur ekki verið ákveðin en þeir sem áhuga hafa geta haft samband við undirritaðann í síma 552-6357 (heima) eða 525-5867 (vinna).

Magnús Tumi Guðmundsson

NÝIR HEIÐURSFÉLAGAR

Á aðalfundi Jökларannsóknafélags Íslands sem var haldinn 28. febrúar í ár bar formaður, Magnús Tumi Guðmundsson, upp tillögu stjórnar og valnefndar um nýja heiðursfélaga og rökstuddi tillöguna. Tillagan var samþykkt með eindregnu lófataki. Nýju heiðursfélagarnir eru:

Auður Ólafsdóttir
Erla Engilbertsdóttir
Helgi Björnsson
Ingibjörg Árnadóttir
Jón E. Ísdal
Jón Sveinsson

Á árshátíð félagsins 18. nóvember næstkomandi, í tilefni af 50 ára afmæli félagsins, verður þetta ágæta fólk heiðrað fyrir störf sín.

Oddur Sigurðsson

AFMÆLISÁRSHÁTÍÐ

Í ár er fimmtugasta starfsár Jökларannsóknafélags Íslands. Það er því vel við hæfi að halda upp á þessi tímamót. Stjórn félagsins hefur ákveðið að árshátíðin í haust verði veglegri en alla jafna. Auk þess verður haldinn hátíðarfundur með völdum fyrirlesurum og veggspjöldum sem hæfa tilefningu. Hvort tveggja fer fram laugardaginn 18. nóvember næstkomandi og eru félagar beðnir að hafa þennan dag í huga er þeir áætla verk sín seinni hluta ársins.

Oddur Sigurðsson

